

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 48/2006**

**frá 28. apríl 2006**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2006 frá 10. mars 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/739/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhúsmálningu og -lökk og um breytingu á ákvörðun 1999/10/EB <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur og um breytingu á ákvörðun 98/634/EB <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB frá 4. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2u (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/360/EB) í XX. viðauka við samninginn:

- „2v. **32002 D 0739**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/739/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhúsmálningu og -lökk og um breytingu á ákvörðun 1999/10/EB (Stjtið. ESB L 236, 4.9.2002, bls. 4).
- 2w. **32002 D 0740**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur og um breytingu á ákvörðun 98/634/EB (Stjtið. ESB L 236, 4.9.2002, bls. 10).
- 2x. **32002 D 0741**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB frá 4. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 55, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 236, 4.9.2002, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 236, 4.9.2002, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 237, 5.9.2002, bls. 6.

Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB (Stjtið. ESB L 237, 5.9.2002, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2002/739/EB, 2002/740/EB og 2002/741/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.